


# EYSTRAHORN

22.tbl. 41. árgangur

15.júní 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



Mynd: Bjarni Jónsson

# FÓRNARLÖMB

Ástæðan fyrir því að ég skrifa þessa grein er að mig langar að vekja umræðu í samfélaginu okkar um nokkuð sem ég hef lengi velt fyrir mér og hvort megi með samhentum átaki leysa þannig að allir verði ánægðir með útkomuna. Þetta snýr að lausagöngu búfjár og þá aðallega því sem heldur sig á og við þjóðveg 1 í Sveitarfélaginu Hornafirði. Flest okkar sem ökum um þjóðveg 1 höfum orðið vör við að búpeningur af ýmsum dýrategundum lendir upp á þjóðvegi.

## Hvað þarf til

Til þess að leysa megi þennan vanda þarf að minnsta kosti þrjá til. Sveitarfélagið Hornafjörð, Vegagerð ríkisins og búfjár-/landeigendur. Ég ætla í stuttu og sem einföldustu máli, þannig að sem flestir skilji, að reyna að útskýra þetta sem getur þótt flókið mál en þarf alls ekki að vera það.

## Tölfræði

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurlandi um fjölda óhappa í Austur-Skaftafellssýslu af völdum búfjár sem tilkynnt voru til lögreglu, á 9 ára tímabili 2014-2022 þá eru atvikin 965 eða rúmlega 100 á ári. Þá skal það sérstaklega tekið fram að þetta eru aðeins þau tilfelli þar sem viðkomandi ökumaður, eigandi búfjár eða þriðji aðili tilkynnir óhapp og í öllum tilvikum erum við að tala um að búfé hafi drepist eða þurft að aflífa það. Þannig eru ótalin tilvik þar sem ekið er á skepnur sem slasast, líða kvalir og drepast síðar. Sum atvik uppgötvast jafnvel ekki fyrir en fé með áverka skilar sér heim síðla hausts. Þess ber að geta að engar upplýsingar eru aðgengilegar um óhöpp eða slys sem ökumenn valda eða verða fyrir þegar þeir reyna að koma í veg fyrir að aka á skepnu á þjóðvegnum.

og þar sem lausaganga er ekki bönnuð ber ökumaðurinn allan skaðann bæði á ökutækinu og skepnunni. Af þessu hlýst að sjaldnast tilkynna ökumenn um það þegar þeir aka á búfé á þjóðvegi 1. Auk þessa er tjón búfjareigandans töluvert þegar búfenaðurinn drepst eða slasast. Sé búfjareigandi tryggður og tjónið tilkynnt til lögreglu og viðkomandi tryggingarfélags þá fær hann bætur fyrir, hve háar þekki ég ekki.

Ekki skal heldur gert lítið úr því andlega áfalli sem það hlýtur að vera hverjum ökumanni að drepa skepnu með þessum hætti. Sömuleiðis er það áfall fyrir eiganda búfjár sem ekið er á, því oftast eru þetta jú, bestu eða uppáhalds skepnur þeirra sem missa.

## Núverandi staða

Ef Sveitarfélagið Hornafjörður er skoðað þá er þjóðvegur 1 rúmlega 200 km og vissulega mis mikið um búfenað á hverju svæði fyrir sig. Landfræðilegar aðstæður eru líka mjög mismunandi þar sem í Öræfum er víða langt á milli fjalls og fjöru. Í Lóni erum við komin það austarlega að búfé getur gengið langt inn á dæli og fjöll án þess að jöklar stöðvi för þeirra. Á Mýrum mætti kannski segja að vandamálið við þjóðveg 1 felist í því að féð rennur inn í svokallaðar traðir, þ.e. víða er ágætlega girt meðfram þjóðvegnum en annarsstaðar ekki neitt. Þannig leitar féð inn á veginn þar sem er ógirt og er svo orðið aðþrengt á svæðum þar sem vel er girt. Suðursveit er, að Breiðamerkursandi fráskildum, líka erfð þar sem að á vissum svæðum er takmarkað landsvæði út fyrir vegina og búfé þess vegna mjög algeng sjón á og við þjóðveginn.

ber því skilda til að girða meðfram þjóðvegi 1, á því leikur enginn vafi.

4. gr. 2 mgr. „Vegagerðin getur að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag ákveðið að annast og kosta viðhald með einstökum vegarköflum á þjóðvegnum þar sem umferð er 300 bílar á dag eða meira að meðaltali yfir sumarmánuðina (SDU), enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafli bönnuð. Aður en Vegagerðin ákveður að taka við viðhaldi girðinga samkvæmt þessari grein skal hún tilkynna það viðkomandi sveitarfélagi og hlutadeigandi landeigendum.”

Það er því ekkert sem hindrar Sveitarfélagið Hornafjörð og Vegagerð ríkisins að ráða bót á núverandi ástandi. Með því að Vegagerðin láti girða og viðhalda fjárheldum girðingum og bæjarstjórn lýsi formlega og með lögmætum hætti yfir lausagöngubanni á umræddu svæði. Síðan verður að sjálfsgöngu að fylgja banninu eftir. Það búfé sem lendir inn á umræddu svæði, því sé smalað og komið til eiganda á hans kostnað. Góð reynsla skapadist af þessu meðal annars í Mýrdalshreppi fyrir all nokkrum árum. Þar sést búfé ekki lengur á þjóðvegi 1.

## Umhverfið


Við getum líka tekið þessa umræðu lengra og velt fyrir okkur umhverfisáhrifum þess að bílar séu stöðugt að hægja á, bremsa og gefa í. Svo ekki sé talað um þá sem þurfa að taka fram úr með margfeldisáhrifum á bílslysum. Upplifun ökumanna er misjöfn eftir reynslu, þannig getur sá sem er vanur og ekur oft um vegina þekkt til hvernig búféð bregst við umferð. Á hinn bóginn eru þeir sem ekki þekkja til og aka um landið í fyrsta skipti óruggir, nauðhemla, sveigja yfir á vinstri akgreinina og keyra síðan langa stund með aðvörunarljósin kveikt. Á hverjum degi fara að meðaltali 1500 bílar um þjóðveginn á Mýrum og í Suðursveit. Ef við prófum að sjá fyrir okkur þjóðveg 1 þar sem lausaganga búfjár er bönnuð þá er umferðin þar öruggari, jafnari og allir ættu að geta haldið sig nálægt skynsamlegum hraða.

## Reynslan

Að fenginni reynslu, eins og kafinn frá Almannaskarðsgöngum í austri að gömlu brúnni yfir Hornafjarðarfljót, hefur sýnt okkur að þá er vel hægt að girða meðfram þjóðvegnum. Með því er hægt að koma sem best í veg fyrir það að búfé skapi sjálfu sér og öðrum hættu í umferðinni. Það getur bara engan veginn verið ásættanlegt að þar verði látið við sitja. Ef vel á að vera þyrfti að girða meðfram þjóðvegnum í allri sýslunni. Flest bendir til þess að skynsamlegast væri að næsti kafli sem ráðist verði í sé frá Hornafjarðarfljóti í austri að Jökulsárlóni í vestri. Þetta er um það bil 60 km kafli sem skapar mikla hættu eins og staðan er í dag.

## Spurningar

Lausaganga búfjár, er hún bönnuð einhverstaðar í sveitarfélaginu? Eftir því sem ég kemst næst er svo ekki. Jafnvel þó að því sé haldið fram að eftir að Vegagerðin lét girða meðfram þjóðvegnum og Sveitarfélagið



Samantekt fyrir 2022 hefur verið gerð og má sjá fækkun í A-Skaft sem rekja má til færri tilvika í Nesjum þar sem talsvert var ekið á smálömb. Flest slys verða í Suðursveit og Öræfum en einnig nokkuð í Lóni. A öðrum stöðum stendur þetta í stað. Rekja má fjölda óhappa í A-Skaft til legu sýslunnar þar sem enginn eiginlegur afreitur er heldur eignarlönd (Ógirt) og stutt milli fjalls og fjöru.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Alls	Hlutfall
Árnessýsla	30	25	18	15	3	17	18	16	9	151	11%
Rangárvallasýsla	11	14	13	13	10	9	11	12	8	101	8%
Vestur Skaftafellssýsla	5	11	13	11	12	20	3	12	13	100	8%
Austur Skaftafellssýsla	115	117	114	125	136	113	51	115	79	965	73%
Alls	161	167	158	164	161	159	83	155	109	1317	

## Tjón

Í hverju tilfelli þar sem ekið er á búfé verður talsvert eignatjón á bíl, búfé og jafnvel líkamstjón ökumanns og/eða farþega bíls. Búfé drepst og bifreið ökumanns skemmist

## Úr reglugerð nr. 930/2012 um girðingar meðfram vegum

2 gr. „Veghaldari skal girða báðum megin vegar sem lagður er gegnum tún, ræktarland, engjar eða girt beitarrand.“ Vegagerð Ríkisins



Hornafjörður lýst yfir lausagöngubanni á Þjóðvegi 1 frá Almanskardí að Hornafjarðarfljótum. Þá segja mér fróðari aðilar að ef á það verði látið reyna fyrir dómi, þá haldi það ekki og ökumaðurinn sé í órétti keyri hann á búfé í Nesjum líkt og annarsstaðar í sveitarfélaginu. Ef einhver getur bent á það á prenti eða vísað til þess að þessu banni sé fylgt eftir, þá þætti mér fróðlegt að sjá það. Hitt sem margir halda er að það sé einungis sauðfé sem má ganga frjálst/laust í sveitarfélaginu og þar með á og við Þjóðveg 1. Eftir því sem ég kemst næst er lausaganga stórgripa, t.d. nautgripa og hrossa, ekki bönnuð og eru ökumenn því í sama órétti lendi þeir í því að keyra á slíkan búfenað. Aftur þá kalla ég eftir því ef einhver getur sýnt fram á hið gagnstæða.



Á meðan þessi grein var í skrifum var þessu skilti sem varar við lausagöngu sauðfjár komið fyrir við Mánagarð í Nesjum. Athygli vekur þó að þetta virðist einungis eiga við um þá sem aka í vestur. Að minnsta kosti hef ég ekki séð hvar þessi kaflar endar eða hvar hann byrjar sé ekið í austur gegnum gamla Nesjahrepp.



### Ímynd

Hvaða ímynd viljum við sem áfangastaður ferðamanna skapa okkur út á við? Nú veit ég að miklum peningum hefur verið varið í að kynna svæði en það tekur mun lengri tíma að skapa jákvæða ímynd heldur en að tapa henni. Mikilvægi þess að halda góðu orðspori er fjárhagslega ómetanlegt fyrir okkur öll enda ferðþjónustan sú atvinnustarfsemi sem skapar flest störf í sveitarfélaginu. Sjálfur hef ég heyrt íslenska ferðamenn tala um það að þegar ekið er að vestan inn í sýsluna og komið er að fyrstu bæjunum í Sudursveit þá er eins og villta vestrið taki við. Búfé á og við Þjóðveginn, oft stöðvast öll umferð þegar skepnurnar ákveða að fara inn á eða yfir veginn. Að sjá dauðan búpening í vegkantinum er heldur ekki óalgengt og getur varla verið góð auglýsing. Ég trúi því ekki að þetta sé sú ímynd sem Ríki Vatnajökuls vill að innlendir sem erlendir gestir hafi af okkar svæði. Gott og vel með búfé sem er innan girðingar meðfram Þjóðvegnum. Til þess að stoppa og njóta þeirra mættu reyndar vera miklu fleiri útskot og bílastæði. Núna skapa ferðamenn sjálfum sér og öðrum mikla hættu með því að snarhemla og stoppa í vegkantinum og stundum jafnvel á miðjum Þjóðvegi.

Við getum líka átt von á því að með aukinni meðvitund almennings í landinu mun umræða um velferð dýra aukast. Sú umræða verður

okkur ekki hliðholl þegar, en ekki ef talið berst að þeirri hættu sem vísitandi er verið að stefna búfénu okkar í með því að það geti gengið frjálst um Þjóðveg 1 sem er ætlaður umferð ökutækja en ekki sem íverustaður búfjár.

### Lokaorð

Að lokum vona ég að þessi orð hreyfi við öllum sem þau lesa. Oháð því í hvaða stöðu viðrum þá geta allir haft áhrif til þess að takast á við og leysa þetta vandamál.

Þeir sem eru í bestu stöðu eru bæjarstjóri og sveitarstjóri, verkstjórnar Vegagerðarinnar, stjórn Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu fyrir hönd bænda, lögreglustjórnar umdæmisins og svo mætti lengi telja. Þú lesandi góður getur líka hjálpað til við og flýtt fyrir því að ráðist verði í að bæta ástandið. Þú getur krafist þess af þeim sem þú kaust í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Krafist þess af alþingismönnum og ráðherrum. Rætt þetta á kaffistofum. Deilt greininni sem víðast og svo framvegis. Það er einlæg von mín að strax á þessu ári verði ráðist í þær aðgerðir sem ég nefndi hér að framan þannig að ökumenn og búfé geti brátt um frjálst höfuð strokið. Við getum þá hætt að vera fórnarlömb núverandi ástands.

*Sæmi Árbæ - ökumaður, land- og búffáreigandi og áhugamaður um dýravelferð og umferðaröryggi*



## Auglýsing um íbúakosningu um aðal- og deiliskipulag um þéttingu byggðar Innbæ

Íbúakosningin fer fram dagana **19. júní** til og með **10. júlí**.

Kosið verður í Ráðhúsi Hornafjarðar virka daga frá kl: **09:00 – 12:00** og kl: **13:00 - 15:00**.

Þeir sem þurfa að kjósa í póstkosningu skv. 10 gr. reglugerða um íbúakosningu sveitarfélaga þurfa að biðja um að fá send kjörgögn fyrir 2. júlí nk. á netfangið

**ibuakosning@hornafjordur.is**

Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar  
Vignir Júlíusson formaður kjörstjórnar  
Hjördís Skírnisdóttir  
Kristján S. Guðnason



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar

### Leitað til landeigenda og ábúenda

Endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar stendur yfir og nú hefur sveitarfélagið birt vefkönnun þar sem leitað er til landeigenda og ábúenda um stöðu og þróun landnotkunar á þeirra jörðum eða landareignum. Vefkönnunina og nánari upplýsingar um hana og endurskoðun aðalskipulagsins má finna á vefnum [hornafjordur.is/adalskipulag](http://hornafjordur.is/adalskipulag).

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að svara könnuninni fyrir 5. júlí nk.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## 17. JÚNÍ Í NESJUM

UMF Máni heldur árlega  
þjóðhátíðarskemmtun í Nesjum þann 17.  
júní.

Lúðrasveit Hornafjarðar mun hefja daginn  
með okkur klukkan 13:00 í Mánagarði.

Að öðru leyti verður dagskrá með svipuðu  
móti og undanfarin ár, þ.e. gönguferð og  
leikir sem ætti að henta öllum.

Öll velkomin.

# SLÁÐU Í GEGN Á GOLFDEGINUM

VERIÐ VELKOMIN  
16:00-19:00

- Dagskrá fyrir alla fjölskylduna
- Tekið á móti fólki við golfskálann
- Frábært tækifæri til að kynna golfi
- Léttir og skemtilegir leikir fyrir alla
- Grill fyrir þátttakendur

GOLFKLÚBBUR  
HORNAFJARÐAR

Á SILFURNESVELLI  
FÖSTUDAGINN 16. JÚNÍ



Austurbraut 20 Sími: 662-8281  
Útgefandi: Eystrahorn ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Arndís Lára  
Kolbrúnardóttir  
Netfang: [arndis@eystrahorn.is](mailto:arndis@eystrahorn.is)

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes  
Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Prentun: Litlaprent  
ISSN 1670-4126



# FRÉTTATILKYNNING HÓTEL HÖFN

Framtakssjóður í rekstri Alfa framtak ehf. hefur fest kaup á öllu hlutafé í Hótel Höfn af Jökli fjárfestingum ehf. Kaupin eru nú til umfjöllunar hjá samkeppniseftirlitinu. Ráðgert er að nýr eigandi taki við rekstrinum um mitt sumar. Jökull Fjárfestingar ehf, keyptu Hótel Höfn í apríl 2016 og hafa rekið síðan.

Að sögn Vignis Más Þormóðssonar, stjórnarformanns Jökuls fjárfestinga ehf. og framkvæmdastjóra Hótel Hafnar, hefur rekstrartíminn verið ánægjulegur. „Það

hefur verið virkilega gaman að taka þátt í verkefninu og við kynnst mörgu góðu fólki á þessum tíma. Sérstaklega erum við þakklát fyrir frábært starfsfólk í gegnum árin og gott samstarf við samfélagið í heild sinni á Höfn. Covid-tímabilið var vissulega mjög krefjandi þar sem mikil óvissa ríkti á löngum köflum, en við sigldum samhent í gegnum það,“ segir Vignir.

Helga Steinunn Guðmundsdóttir stjórnarformaður Hótel Hafnar segir miklar

endurbætur á hótelinu hafa átt sér stað á síðustu árum og að í framkvæmdaferlinu hafi uppruni hótelsins ávallt verið hafður að leiðarljósi. „Hótel Höfn á sér merkilega sögu og var það byggt upp af mikilli framsýni og myndarbrag frumkvöðlanna. Hóтелиð var tekið í notkun að hluta 1. október 1966 og að fullu 17. júní ári síðar. Í dag er ástand fasteigna mjög gott og reksturinn einnig á góðum stað. Þannig að við skiljum stolt við, en með söknuði því þetta hefur verið skemmtilegur tími.“

Óvissu hefur verið eytt um dýpkun Grynnslna utan við Hornafjarðarós sem eru lífæð samfélagsins í Hornafirði. Um þau þurfa allar siglingar til og frá Höfn í Hornafirði að fara. Á þeim byggist samfélagið. Landris hefur mælst einna mest á Hornafirði og fyrir liggja spár um áframhaldandi landris á næstu árum. Fyrirséð er að rennslið um ósinn muni minnka ef ekkert er að gert.

Rannsóknir hafa verið gerðar til að leita skilning á flóknu samspili strauma og efnisflutninga og tímabundnar dýpkanir verið gerðar. En betur má en duga skal. Samhliða aðgerðum verði áfram unnið að rannsóknnum á náttúrulegum aðstæðum í Grynnslnum. Málið var kynnt á dögnum á ríkisstjórnarfundum.

Ég hef því falið Vegagerðinni að hefja dýpkun innsiglingarleiðar og tryggja þannig áfram rekstrarhæfi hafnarinnar. Aðgerðir verða unnar í samstarfi við sveitarfélagið og Hornafjarðarhöfn. Leitast verður eftir samningum sem tryggja viðveru dýpkunarskips sem verði staðsett í Höfn í Hornafirði frá og með desember nk. Skipið muni nýta alla möguleika sem gefast vegna veðurs til

þess að dýpka siglingarrennuna.

Samtímis verður unnið að rannsóknnum á náttúrulegum aðstæðum í Grynnslnum, þar með talið að stöðugum dýptarmælingum. Danska ráðgjafafyrirtækið DHI hefur unnið að rannsóknnum í innsiglingunni á þessum slóðum, þ.á m. dýptarmælingum sem staðfesta að aðstæður eru erfiðar vegna sandburðar. Markmiðið er að kortleggja enn betur strauma og leita hagkvæmstu leiða til viðhalda æskilegu dýpi í innsiglingunni til framtíðar.

Niðurstöður rannsókna DHI benda til þess að siglingarennan sem dýpka þarf í gegnum Grynnslin fyllist nokkuð hratt af sandi í óveðrum. Viðvarandi dýpkun er því mikilvæg svo hægt verði að nýta þau tækifæri sem gefast til þess að dýpka og viðhalda æskilegu dýpi. Vegagerðin mun svo í samráði við heimafólk nýta þá reynslu til að móta langtímaaðgerðir til að tryggja rekstrarhæfi hafnarinnar á Höfn. Samgönguáætlun 2024-2038 var kynnt í vikunni og verður í samráðsgátt á næstu vikum. Þar er skýrt kveðið á um mikilvægi verkefnisins fyrir Hornafjarðarhöfn svo hún geti þróast í takt við stærri og

djúpristari fiskiskipaflota og flutningaskip. Áhersla er lögð á dýpkun á Grynnslnum með það að markmiði að útfæra hana þannig að dýpinu sé viðhaldið.

Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir íbúa á svæðinu að það takist að tryggja rekstrarhæfi hafnarinnar og þeirrar útgerðar sem þar starfar. Umfjöllun Alþingis þarf að taka mið af því og heimildin að endurspeglast í fjárlögum ár hvert. Að því mun ég vinna.



Sigurður Ingi Jóhannsson,  
innviðaráðherra og formaður  
Framsóknar

# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## Myntukryddaðar kótilettur og sósa eftir Hrefnu Magnúsdóttur

Sæll Sindri minn og takk fyrir áskorunina. Þar sem að kótilettur eru mitt uppáhald, þó helst í raspi, þá breyti ég nú stundum út af vananum. Ég lét hér fylgja með uppskrift af myntukrydduðum kótilettum og sósu en kryddlögin má einnig vel nota á annað lambakjöt. Þar sem Sindri bauð upp á uppskrift af rúgbrauði ætla ég að halda í þjóðarsálina og láta einnig fylgja með uppskrift af flatkökunum mínum. Ég skora á vinkonu mína sem er frábær kokkur og hefur oft gefið mér góð ráð í eldhúsinu. Yfir til þín Hafdis Gunnarsdóttir, betur þekkt sem Dísá



### Hráefni

#### Kótilettur:

10 stk lambakótilettur  
3 tsk salt  
1 tsk pipar  
6 tsk mynta frá pottagöldrum  
4 tsk smjör

#### Sósa:

Soð af kótilettum  
2 teningar kjötkraftur  
2-3 tsk mynta  
500 ml rjómi  
Smjörklípa  
Sósulitur  
Sósujafnari

### Aðferð - kótilettur

Hitið ofninn í 150 gráður. Setjið allt krydd saman í skál og blandið vel saman. Kótilettunum raðað í ofnskúffu og kryddinu stráð yfir, smjörklípur settar með. Kótilettarnar eldaðar í 1,5 klst í ofni, snúið við einu sinni.

Hellið soðinu sem myndast hefur í ofnskúffunni í pott og setjið annað innihald sósunnar saman við, öllu hrært saman og sósujafnara bætt við að lokum eftir þörfum.

### Flatkökur

11 bollar hveiti  
2 bollar rúgmjöl  
65gr salt  
1,5-2 lítrar sjóðandi vatni

Öllu blandað saman og bakað á hellu. Uppskriftnin gefur u.þ.b 30 flatkökur.

**Lifandi vatn**  
- lifandi vatn með stund hveitiga

**Dagskrá vikunnar**

Almennar samkomur  
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir  
fimmtudaga klukkan 19:30

Við hökkum til að sjá þig.

Jesús segir:  
Ei nekkurn þyrstir þá kemi hann  
til mín og drekki.  
Þá bjarta Jesús sem trauk á mig  
mínu renna  
þakka þíni sálin

www.gudagat.is

## TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU

- stóra sem smáa -

Verðum á Höfn í Hornafirði 26.06 – 05.07  
Allar upplýsingar veitir Jón í síma 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir  
854 2211

Óseyri 18 - Malbikun.is - jon@malbikun.is



# MÁLFRÍÐUR MALAR


Hellú hellú Málfríður hér, í sólinni á Tene. Ég mátti til með að láta ykkur vita hvar ég er þessa stundina þannig að ég hef varla tíma til að skrifa því það er svo mikið að skoða hér og vitanlega njóta lífsins lystisemda með áti á erótískum ávöxtum og drykkju á sértstökum sparidrykkjum. Ekki má nú gleyma því að láta sólina sleikja sig upp, þvílíkur unaður.

En aftur heim á Hafnarbrautina, ég veit ekkert fallegra en þegar blóm hafa verið sett í þessi beð þarna á Hafnarbrautinni en það er eitt beð sem lendir alltaf undir dekkjum bílanna. Það er beðið sem er við Kaffi Hornið. Þetta er alltof þröngt að troða þarna beði þegar fólk er að keyra út úr bílasatæðinu þá vill það oft lenda á þessu þríhyrnda kjánabeði. Væri ekki nær að fjarlægja það? Uhh -nei það sem

snillingunum datt til hugar var að troða risa grjóti ofan í beðið svo allir Dacia Duster bílarnir skemmast við að taka þarna þrönga beygjuna. Sök sér ef þarna keyra rútur þá fara þær bara yfir grjótið og finna kannski smá fyrir því. Það fyndnasta var að þegar steinarnir voru komnir í beðið þá mátti sjá þarna bílför eftir einhvern bílinn og hver veit nema að bíllinn hafi skemmst eitthvað. Hefði þá ekki verið viturlegra að fjarlægja grjótið? Uhh nei höldum áfram að láta fólk skemma bílana sína við þessar slysa-gildir sem eru við gömlu hellulögnina á Hafnarbrautinni. Gróðursetjum bara blóm til að fela grjótið svo fólk taki ekki eftir því. Hver er eiginlega bótaskyldur fyrir því þegar fólk skemmir dekk og felgur eingöngu við það að aka eftir Hafnarbrautinni. Ég bara spyr?

Málfríður

## ORÐALEIT



PIPARMYNTA

BÚFÉNAÐUR

STROMPUR

KRAKKAR

LOKI

TÚSSPENNI

SNÁKUR

PÚSLUSPIL

KROSSARI

PARÍSARHJÓL

TANNKREMSTÚBA

MJÖÐUR

## SPURNING VIKUNNAR

Á að leyfa lausagöngu búfjár við Þjóðveg 1?



**Íris Heiður Jóhannsdóttir**  
Ég væri mjög fegin að losna við það öryggisins vegna.



**Svava Herdís Jónsdóttir**  
Mér finnst að það eigi að girða meðfram veginum.



**Snævarr Guðmundsson**  
Já, eða tryggja girðingar.



**Eýgló Illugadóttir**  
Já mér finnst það.





# DRÍSGJAFAR & DÍSIR

HAFIÐ – 22. JÚNÍ KL. 20:30

Fullorðins fjölbragðasýning með lifandi fönktónlist.  
Sýningin er bönnuð innan 18 og hentar ekki þeim sem óttast  
undur mannslíkamans. Varúð: Dónabrandarar og hold.  
Miðaverð: 5500. Miðasala er við hurð.  
Húsið er opnað kl. 20:00. Sýningin er bönnuð innan 18.